



Val á fulltrúum nemenda í skólaráð grunnskóla – leiðbeiningar og viðmið

Almennt um skólaráð

Samkvæmt lögum um grunnskóla (2008, nr. 98) skal skólaráð skipað tveimur fulltrúum nemenda. Nemendafélag hvers grunnskóla á að setja sér starfsreglur, meðal annar um kosningu fulltrúa í skólaráð. Nemendafélag skal fá aðstoð við að ákveða hvernig standa á að því að velja fulltrúa nemenda í skólaráð.

Það er mikilvægt að kynna hlutverk og starf skólaráðs og fulltrúanna þar vel fyrir stjórn nemendafélags og öðrum nemendum. Þeir sem bjóða sig fram verða að vita hvað felst í því að vera fulltrúi nemenda í skólaráði.

Gott er að velja tvo aðalfulltrúa og tvo varafulltrúa til að tryggja að alltaf mæti tveir fulltrúar nemenda á fundi skólaráðs. Aðalfulltrúar eiga þá að boða varamann ef þeir geta af einhverjum ástæðum ekki mætt á fund.

Mikilvægt er að huga að því að fulltrúar nemenda endurspegli eins og hægt er barna- og unglingahópin, svo sem hvað varðar kynjaskiptingu og bakgrunn. Það getur þýtt að ákveðnir hópar þurfa sérstaka hvatningu til að bjóða sig fram og huga þarf að því með hvaða hætti best er að gera það.

Tryggja þarf gott upplýsingaflæði á milli skólaráðs og stjórn nemendafélags. Stjórn nemendafélags er bakland fulltrúa nemenda í skólaráði og skapa þarf vettvang fyrir upplýsingaflæði, samtal og stuðning þarna á milli.

Helstu verkefni:

- ✓ Þátttaka í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs borgarinnar.
- ✓ Umfjöllun um skólanámskrá, starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- ✓ Umfjöllun um skóladagatal, vikulegan kennslutíma, niðurstöður skólans í skimunum og samræmdum prófum.
- ✓ Umfjöllun um meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans.
- ✓ Umfjöllun um skólareglur, umgengni og skólabrag.
- ✓ Umfjöllun um erindi frá skóla- og frístundaráði, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og öðrum aðilum sem fjalla um málefni sem tengjast stefnumörkun og starfsemi skólans.
- ✓ Þátttöku í verkefnum á vegum skóla- og frístundaráðs, þegar þess er óskað.
- ✓ Skólaráð fylgist almennt með umfjöllun eða niðurstöðum athugana á öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda.

Starfsáætlun og starfsreglur:

- ✓ Fyrsti fundur er haldinn fyrir miðjan október.
- ✓ Tíðni funda ákveðin á fyrsta fundi skólaráðs en þeir eru oftast á 4-6 vikna fresti.
- ✓ Gert er ráð fyrir því að haldinn sé einn opin fundur með skólasamfélaginu og annar með stjórn nemendafélagsins á hverju skólaári.



- ✓ Skólaráð gerir starfsáætlun fyrir veturinn og setur sér starfsreglur um fyrirkomulag funda.
- ✓ Unnið er eftir samþykktum reglum um fundarritun og birtingu fundargerða.
- ✓ Áætlun er um boðun varamanna þegar það á við.

Fyrirkomulag funda:

- ✓ Skólastjóri boðar fundi með dagskrá.
- ✓ Skólastjóri stýrir fundum ráðsins í samræmi við dagskrá.
- ✓ Skólastjóri leggur áherslu á að raddir allra fulltrúanna vegi jafn þungt og sérstök áhersla er lögð á að gefa nemendum kost á að tjá sig.
- ✓ Stefnt er að sameiginlegum niðurstöðum í málum sem eru til umfjöllunar.
- ✓ Mismunandi skoðanir er virtar.
- ✓ Fundargerð er skráð og birt á heimasíðu eftir að hún hefur verið samþykkt af öllum fulltrúum
- ✓ Varamenn taka sæti á einstökum fundum í forföllum aðalmanna.

Val á fulltrúum nemenda – hugmyndir og gátlisti

Hugmynd 1:

Stjórn nemendafélags kys tvo fulltrúa úr sínum röðum til að vera fulltrúar nemenda í skólaráði.

Hugmynd 2:

Fulltrúar nemenda í skólaráð eru kosnir samhliða kosningu á fulltrúum í stjórn nemendafélags. Fulltrúar í skólaráði sitja þá ekki í stjórn nemendafélags. Fulltrúar nemenda í skólaráði hitta stjórn nemendafélags reglulega, t.d. mánaðarlega fyrir fundi skólaráðs, til að tryggja upplýsingaflæði og umræður um málefni sem ræða á í skólaráði.

Hugmynd 3:

Ef stjórn nemendafélags er skipuð unglíngum sem eru í valgrein sem felur það í sér að þeir sem eru í henni skipa stjórnina að þá getur sá hópur kosið tvo fulltrúa úr sínum hópi til að sitja í skólaráði.

Gátlisti:

- Nemendafélagið fær aðstoð við að setja reglur við val á fulltrúum í skólaráð.
- Skólinn nýtir kosningu fulltrúa til að kenna nemendum um fulltrúalýðræði.
- Hver fulltrúi er kosinn til tveggja ára í senn.
- Æskilegt er að fulltrúar séu ekki af sama kyni, til dæmis getur annar aðalfulltrúi verið kvenkyns og hinn karlkyns eða kynsegin.
- Fulltrúar nemenda hafa sérstakan stuðningsaðila úr skólanum eða félagsmiðstöð sem aðstoðar þá við að búa sig undir fundi og að vinna úr þeim málum sem rædd eru á fundum skólaráðs.
- Fulltrúum nemenda er markvisst gert kleift að kynna störf skólaráðs og málefni þess fyrir öðrum nemendum skólans.
- Nemendum skólans er tryggður vettvangur til að koma ábendingum og óskum til fulltrúa sinna í skólaráði.



- ❑ Fulltrúar nemenda í skólaráði hafa sama rétt og aðrir fulltrúar í ráðinu til að taka þátt í starfi og fundum skólaráðs.
- ❑ Ef skólastjóri og fulltrúar nemenda í skólaráði hafa orði ásáttir um að nemendur hafi ekki forsendur til að sitja alla fundi ráðsins gæta foreldrar í skólaráði hagsmuna nemenda.

Nánari upplýsingar um starf skólaráða

Í **Handbók um skólaráð** (2019) er fjallað um hlutverk skólaráðs og bent á hagnýtar leiðir sem skólaráðið getur haft til hliðsjónar í störfum sínum:

<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>

Myndband um skólaráð (2021) sem unnið var af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Með íslenskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626488809>

Með enskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626424349>

Með pólskum texta: <https://vimeo.com/showcase/8941596/video/626407828>

Myndband um skólaráð (2016) er að finna inni á heimasíðu Samfok (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík):

<https://youtu.be/IStNSZhY5UY>

Myndbandið með enskum texta:

<https://youtu.be/OyFxMSoIhI>


Lista yfir ýmis verkfæri sem nýtast í lýðræðisstarfi í skóla- og frístundastarfi er að finna á vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar:

<https://menntastefna.is/verkfaerakista/>



Þáttökulíkon sem gott er hafa að leiðarljósi í lýðræðisvinnu með börnum

Prepaskipt líkan Roger Hart (1992) sýnir vel hvaða vinnulag þarf að viðhafa til þess að hægt sé að segja að um raunverulega þátttöku og lýðræðisleg vinnubrögð sé að ræða. Í fyrstu þremur þrepunum felst lítil virk þátttaka en hún eykst síðan eftir því sem ofar dregur. Fjallað er nánar um líkanið í [Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva](#) frá 2019.



Í lokaverkefni sínu til MPA-gráðu við Háskóla Íslands sem ber heitið „Ekkert um okkur án okkar“ (2020) fjallar Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir um þáttökulíkan Lauru Lundy sem gott getur verið að nota sem mælitæki varðandi samráð við börn. Með líkaninu er hægt að meta áhrif barna með því að líta til þess hvernig samráði við þau er háttað og hvernig börn upplifa það samráð út frá þeim fjórum þáttum sem eru tilgreindir á myndinni. Nánar er fjallað um líkanið í [ritgerð Vigdísar Fríðu](#).

<h3>RÖDD</h3> <p>Veita upplýsingar við hæfi og tryggja að börn geti tjáð skoðanir sínar</p> <ul style="list-style-type: none">• Hafa börn fengið þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að geta myndað sér skoðun?• Eru börn upplýst um að þau þurfi ekki að taka þátt?• Hafa börn fengið að velja milli ólíkra valkosta um hvernig þau geta tjáð sig?	<h3>VETTvangur</h3> <p>Skapa öruggt rými fyrir öll börn til þess að tjá skoðanir sínar</p> <ul style="list-style-type: none">• Hefur verið leitað með virkum hætti eftir skoðunum barna?• Var til öruggt rými þar sem börn gátu tjáð sig frjálst?• Hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja að öll börn geti tekið þátt?
<h3>ÁHEYRN</h3> <p>Tryggja að skoðunum barna sé miðlað til aðila sem ber ábyrgð á því að taka tillit til þeirra</p> <ul style="list-style-type: none">• Er ferli til staðar sem tryggir miðlun á skoðunum barna?• Vita börn til hvers eða hverra stendur til að miðla skoðunum þeirra?• Hefur sá aðili eða stofnun sem hlustar vald til þess að taka ákvarðanir?	<h3>ÁHRIF</h3> <p>Tryggja að tekið sé tillit til skoðana barna og brugðist sé við þeim þar sem það á við</p> <ul style="list-style-type: none">• Var tekið tillit til skoðana barnsins af hálfu aðila sem hafa vald til að koma á breytingum?• Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum barna?• Hafa börnin fengið endurgjöf sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið?

(Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, 2020)